

Aðalæðar vatnsveitunnar og umbúnaður við vatnsból, verða sameign 95 kaupsins, og kostuð af vatnsveitusjóði; svo og viðhald þeirra, eftirlit með 10. sept. vatnsveitunni, og stjórn hennar.

13. gr.

Hreppsnefndin hefir á hendi reikningshald og innheimtu vatnsveitunnar, og hefir að launum fyrir öll störf sín 3% af tekjunum.

Reikningsárið er almanaksár, og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir og upplesnir ásamt sveitarsjóðsreikningi ár hvert.

14. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, eða setja hreyfivélur í samband við hana, án leyfis hreppsnefndar.

15. gr.

Verði nokkur uppvís að því að skemma vatnsveituna, eða það sem henni tilheyrir, skal hann bæta það að fullu eftir mati þar til kvaddra manna, og sæta auk þess refsingu samkvæmt hegningarlögum landsins, ef sakir eru þannig, að undir þau geti fallið.

16. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar verða sektum allt að 200 kr., sem renni í vatnsveitusjóð, og fer með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

G J A L D S K R Á

vatnsveitu Ólafsfjarðarkauptúns.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn er lagt í, skal greiða vatnsskatt árlega. Skal skatturinn lagður á eftir virðingarverði húsanna til hússkatts. Upphæð vatnsskattsins sé þannig:

I. FLOKKUR

Íbúðarhús, sölubúðir og önnur slík hús:

Af húsum virtum allt að				2000 krónur greiðist 5‰			
—	—	—	2000—	3000	—	—	4‰
—	—	—	3000—	5000	—	—	3½‰
—	—	—	5000—	7000	—	—	3‰
—	—	—	7000—	10000	—	—	2½‰
—	—	—	yfir	10000	—	—	2‰

II. FLOKKUR

2. gr.

Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisparfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal greiða aukagjald eftir samkomulagi við hreppsnefnd. Sömuleiðis fyrir hreyfivélar, verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, og til hvernar annarar slíkrar notkunar.

Fyrir vatnsalerni greiðist 2 kr. og fyrir hvern stórgrip 2 kr. árlega.

3. gr.

1. Fyrir vatn til fiskþvottar skal greiða 5 aura fyrir hvert skippund fiskjar.
2. Fyrir vatn í sildar eða kjötpækil, skal greiða 5 aura fyrir hverja tunnu sildar, og 10 aura fyrir hverja tunnu kjöts.
3. Fyrir vatn til skipa skal greiða 2 kr. fyrir hvert tonn, eða hluta úr tonni, og greiðist vatnið strax við vatnstöku.

4. gr.

Gjöld þessi getur hreppsnefndin hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 20%, þó má gjaldið aldrei fara fram úr 5‰ af fasteignamatsverði húseigna, er skatti þessum eiga að svara.

5. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. desember ár hvert, og greiðist í fyrsta sinn 1. des. 1934 fyrir það ár. Húseigendur bera ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, og má taka hann lögtaki.

Gjaldskrá þessi staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.